

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2004

Stjórn og starfslið

Í stjórn Siðfræðistofnunar, sem var endurskipuð af Háskólaráði í október 2004, eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af heimspekiskor, endurkosinn formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dr. theol., tilnefnd af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild, skipaður án tilnefningar. Fyrir utan forstöðumann Salvöru Nordal, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni í lengri eða skemmri tíma. Má þar helsta nefna þá Garðar Á. Árnason og Þorvarð Árnason, sem hafa haft daglega umsjón með tveimur stórum rannsóknum á vegum stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn hafa verið ráðnir til skemmri tíma.

Rannsóknir

Rannsóknir á gagnagrunnum.

Verkefninu ELSAGEN *Ethical, Legal and Social Aspects of Human Genetic Databases* lauk formlega í árslok 2004. Það hófst árið 2002 og var styrkt úr fimmtu rammaáætlun Evrópuráðsins og voru samstarfsaðilar verkefnisins í Eistlandi, Englandi og Svíþjóð. Stjórnun á verkefninu var í höndum Siðfræðistofnunar undir yfirstjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors, en Rannsóknarþjónusta H.Í. sá um fjármálalegan þátt verkefnisins. Haldinn var fundur í Lundi í tengslum við verkefnið í mars og málþing í Tartu í maí. Þá var haldin 250 manna alþjóðleg ráðstefna dagana 25.–28. ágúst í Reykjavík þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við ESMPh þ.e. *XVIIIth Conference on Philosophy of Medicine and Health Care*, og NorFA undir yfirskriftinni *Genetics and Health Care*.

Í tengslum við ELSAGEN verkefnið hefur NorFA styrkt samstarfsnet á sviði siðfræði og lífvísinda, *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Auk Siðfræðistofnunar, sem leiðir verkefnið, standa að rannsókninni vísindamenn frá Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi. Tveir fundir voru haldnir á vegum NorFA í á árinu sá fyrri í Lundi í mars og sá síðari í tengslum við ELSAGEN fundinn í Tartu í maí. Þá voru haldnar NorFA málstofur á alþjóðlegu ráðstefnunni í Reykjavík í ágúst.

Á árinu var sótt um styrki fyrir áframhaldandi rannsóknir á sviði gagnagrunna á heilbrigðissviði bæði í 6. rammaáætlun Evrópusambandsins, áframhald á Norfa-samstarfinu og til Rannís.

Náttúrusiðfræði

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er í forsvari fyrir rannsóknarverkefninu *Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi*. Verkefnið hófst í júní árið 2001 með styrk úr Markáætlun Rannís um umhverfismál. Verkefninu lauk á árinu með námstefnu sem haldin var 24.–24. september. Fjórir erlendir gestir komu til landsins til að kenna á námsstefnunni: Anders Öckerman, umhverfissagnfræðingur; Eva Friman, vithagfræðingur; Nigel Dower, náttúru- og þróunarsiðfræðingur, og Riley E. Dunlap, umhverfissfélagsfræðingur. Verkefnið er unnið í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í., Sagnfræðiskor H.Í. og Staðardagskrárverkefni Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri er Dr. Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki.

Önnur rannsóknaverkefni:

Önnur minni verkefni hafa verið starfrækt s.s. rannsóknin *Siðanefndir starfstétta* undir stjórn Róberts H. Haraldssonar, dósent, sem hlaut framhaldsstyrk úr Kristnihátíðarsjóði 2004. Sama gildir um fyrirlestraröðina *Siðfræði og samtími*, undir stjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors. Unnin var skýrsla fyrir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, um *Ethical Issues in Fisheries*, undir stjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors. Að verkefninu unnu einnig þeir Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki og Dagfinnur Sveinbjörnsson, doktorsnemi við Háskólann í Michigan. Skýrslan verður gefin út í ritröð FAO um siðfræði, FAO Ethics Series.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur stjórnvalda á árinu og veitti fagfélögum og fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf, einkum um siðareglur.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

Mikilvægur þáttur í starfsemi Siðfræðistofnunar er jafnan skipulagning málþinga og fyrirlestra hvers konar. Auk þjóðlegu ráðstefnunnar um erfðafræði og heilbrigðisþjónustu og námstefnunnar um sjálfbæra þróun, sem fyrr er getið, voru haldin nokkur málþing fyrir almenning. Siðfræðistofnun tók þátt í að skipuleggja málstofu á ráðstefnunni Tæknin í samfélaginu, samfélagið í tækninni, sem haldin var 18.–29. mars. Haldið var málþing um sjálfræði aldraðra 18. nóvember í safnaðarheimili Neskirkju. Þar héldu erindi Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Jón Snædal, öldrunarlæknir og Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi. Þá var haldið málþing um stofnfrumurannsóknir í Norræna húsinu 9. desember. Þar héldu þau Þórarinn Guðjónsson, frumulíffræðingur, Vilhjálmur Árnason, prófessor, Dögg Pálsdóttir, lögmaður, Karl Sigurbjörnsson, biskup og Sigurður Guðmundsson, landlæknir erindi.

Útgáfa

Ný ritröð *Siðfræði og samtími*, sem er styrkt af Kristnihátíðarsjóði, hóf göngu sína á árinu og komu tvær bækur út: *Sjálfræði og aldraðir* eftir þau Vilhjálmur Árnason og Ástríði Stefánsdóttur og bókin *Sjúkdómsvæðing* í ritstjórn Andreu Óskar Jónsdóttur og Ólafs Páls Jónsson. Þá kom út bókin *Blood and Data: Ethical, Legal and Social Aspects of Human Genetic Databases* í ágúst með fyrirlestrum af alþjóðlegu ráðstefnunni um gagnagrunna í Reykjavík. Bókinni var ritstýrt af Garðari Árnasyni, Vilhjálmi Árnasyni og Salvöru Nordal.